

A 1907/UVN

Afgreiðsla Norræna velferðarnefndin

Nefndarálit norrænu velferðarnefndarinnar um

**Þingmannatillögu
um að fækka börnum og ungmennum sem alast upp við viðvarandi
lágtekjur****Tillaga**

Norræna velferðarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún kanni aðstæður í norrænu löndunum og reynslu þeirra af því hvað hefur fjölgað og hvað hefur fækkað börnum og ungmennum sem alast upp við viðvarandi lágar tekjur auk þess að kanna og bera saman hvernig heimsfaraldurinn hefur haft áhrif á fátækt barna á Norðurlöndum.

Bakgrunnur

Nefndin ákvað á sumarfundinum að vinna áfram með málslið tvö í upphaflegu þingmannatillögunni:

að hún kanni aðstæður í norrænu löndunum og reynslu þeirra af því hvað hefur fjölgað og hvað hefur fækkað börnum og ungmennum sem alast upp við viðvarandi lágar tekjur.

Nefndin ákvað auk þess að fela skrifstofunni að bæta við málsliðinn viðbótinni að kanna og *bera saman* hvernig heimsfaraldurinn hefur haft áhrif á fátækt barna á Norðurlöndum.

Fjöldi barna sem alast upp við viðvarandi lágar tekjur hefur aukist í mörgum norrænu landanna. Samkvæmt norsku hagstofunni bjuggu meira en 115 þúsund börn við viðvarandi lágtekjur í Noregi árið 2019. Miðað við tölur norsku samtakanna Redd barna (Barnaheill) frá árinu 2019 var barnafátækt í Danmörku 13,2 prósent, í Finnlandi 14,3 prósent og í Svíþjóð 23,1 prósent. Þar er um að ræða börn og ungmenni sem ef til vill eiga þess ekki kost að stunda knattspyrnu, listnám eða dans vegna þess að foreldrar þeirra hafa ekki efni á því.

Þetta eru börn í fjölskyldum þar sem foreldrarnir hafa ef til vill ekki efni á að kaupa úlpu þegar kólnar í veðri eða endurnýja skó barnanna þegar þeim gömlu hefur verið slitið. Þetta eru börn í fjölskyldum sem hafa kannski ekki efni á að fara í frí, hvorki



innanlands né utanlands því aurarnir hrökkva aldrei til. Þetta eru börnin okkar í löndunum okkar sem njóta ekki sömu tækifæra og önnur börn.

Hvaða afleiðingar hefur þetta fyrir börnin? Á vefsvæði norsku barna- og fjölskyldumálastofnunarinnar er vitnað í ónafngreindan dreng: „Þegar maður getur ekki verið með vinum sínum á afmælisdaginn vegna þess að maður hefur ekki efni á því hætta þeir á endanum að bjóða manni að vera með. Vinirnir hverfa. Kveðja, 18 ára strákur.“

Í Framtíðarsýn okkar 2030 stendur að Norðurlönd ætli sér að verða sjálfbærasta og samþættasta svæði heims. Þar stendur einnig að „jöfnuður og velferð séu forsendur sem tryggja atvinnu og öflugt hagkerfi“. Ef við eigum að tryggja atvinnu og skapa börnum og ungmennum betri tækifæri verður að leggja áherslu á jöfnuð og velferð.

Í gegnum tíðina hafa norrænu löndin einkennst af lítilli misskiptingu, mikilli samheldni og alhliða velferðarkerfi sem hefur jafnað muninn á milli þeirra sem mest hafa og þeirra sem minnst hafa. Ekki ber þó að ganga að því sem vísu.

Norrænu löndin þurfa að vinna ötullega að því að viðhalda norrænu samfélagsgerðinni. Til þess þurfum við að snúa við þeirri þróun að æ fleiri börn alist upp við fátækt. Við þurfum að minnka muninn á milli þeirra sem mest hafa og þeirra sem minnst hafa.

Sjónarmið nefndarinnar

Tillagan var fyrst rædd á þemafingi þar sem bent var á finnska skýrslu um fátækt barna, þar á meðal áhrif fátæktar á arf, litla menntun og efnahag.

Nefndin styður tillöguna og mikilvægi þess að vekja máls á fátækt barna á Norðurlöndum. Á sama tíma er nefndinni vel kunnugt um þau úrlausnarefni sem geta falist í samantekt og mælingum á lágtekjum og fátækt.

Nefndin er sammála um að fyrsta skrefið hljóti að vera að varpa ljósi á reynslu norrænu ríkjanna af að mæla og meta fátækt barna og á þann hátt kortleggja bæði fátæktarvísa og samanburðargrundvöll. Þá fyrst, þegar staðreyndir og reynsla hafa verið kortlögð, er hægt að taka afstöðu til hugsanlegrar sameiginlegrar norrænnar framkvæmdaáætlunar um baráttu gegn fátækt barna á Norðurlöndum.

Nefndin vill þar að auki kanna og bera saman hvernig heimsfaraldurinn hefur haft áhrif á fátækt barna á Norðurlöndum.

Reykjavík, 7. september 2022



Aksel V. Johannesen (Jvfl.)
Anders Adlercreutz (sv)
Angelika Bengtsson (SD)
Ásmundur Friðriksson (Sj.)
Atte Kaleva (saml)
Guðmundur Ingi Kristinsson (Flf)
Heli Järvinen (gröna)

Kathy Lie (SV)
Kim Berg (sd)
Tobias Drevland Lund (Partiet Rødt)
Tone Wilhelmsen Trøen (H)
Truls Vasvik (A)